



Minnisblað

um byggðakvóta og vinnsluskyldu

Inngangur

Í 10. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (með síðari breytingum) segir um almennan byggðakvóta:

Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

Þegar lög um byggðakvóta voru sett 2007 var upphaflegur tilgangur þeirra að styrkja byggðarlög sem voru háð fiskveiðum og vinnslu og höfðu orðið fyrir skerðingu aflaheimilda á þeim tíma. Þar sem aðstæður til vinnslu í hinum ýmsu byggðarlögum voru afar breytilegar var gert ráð fyrir því að sveitarstjórnir gætu lagt fram rökstuddar tillögur um frávík frá meginreglum þeim sem settar voru inn í lög og reglur þessa tíma. Víða áttu smærri fiskvinnslur og útgerðir smærri báta í rekstrarvandráðum vegna hráefnisskorts enda aflaheimildir ársins 2007 í sögulegu lágmarki.

Fækkun og stækkun

Á undanförunum 15-20 árum hefur orðið mikil breyting í sjávarútvegi á Íslandi. Samþjöppun hefur orðið í aflaheimildum, fiskverkunarfyrirtækjum hefur fækkað verulega og sérhæfing aukist. Stærsti hluti fiskvinnslufyrirtækja í dag eru nú í eigu stórra sjávarútvegsfyrirtækja sem einnig eiga veiðiskipin og ráða aflaheimildum. Þannig má segja að það sé á valdi stjórnenda fyrirtækjanna sjálfra hvernig samspili veiða og vinnslu er hátað og hvernig fjármunum er fyrir komið milli þessarra eininga fyrirtækjanna. Eðlilegir viðskiptahættir þar sem jafnræði ríkir milli kaupanda og seljanda eru ekki til staðar og því síður kemst samkeppni milli fyrirtækja að í þessu kerfi. Er nú svo komið að í mörgum byggðarlögum er engin fiskvinnsla og ákvæði laga um vinnsluskyldu á mótframlagi byggðakvóta innan hluteigandi byggðarlags er orðið úrelt eða ekki framkvæmanlegt.

Til hliðar við þetta kerfi hefur almennur fiskmarkaður vaxið verulega og á árinu 2024 fóru um Reiknistofu fiskmarkaðanna RSF, um 105.000 tonn með veltu upp á 35 milljarða króna. Áhrif fiskmarkaðarins ná að nokkru inn í hið lokaða kerfi veiða og vinnslu þar sem settar hafa verið reglur um að lágmarksverð á fiski skuli að hluta til taka mið af markaðsverði og til hefur orðið svokallað “verðlagsstofuverð”. Er þetta fiskverð almennt notað sem skiptaverð í viðskiptum flestra stórfyrirtækja við sjálf sig, þ.e. milli veiða og vinnslu.

Jafnræði eða mismunun

Í þeim 42 byggðarlögum sem nú hafa fengið vilyrði um úthlutun byggðakvóta eru a.m.k. 30 sem eru án bolfiskvinnslu. Því er ekki hægt að krefjast þess að mótframlag byggðakvótans verði unnið í viðkomandi byggðarlagi. Sveitarstjórnir þessara staða geta því ekki annað en óskað eftir fráviki frá þeim reglum að landað verði þar til vinnslu eigi byggðakvóti yfirhöfuð að fást. Á hinn bóginn er vitað að í flestum þeim byggðarlögum þar sem fiskvinnsla fer fram, eru (stóru) fyrirtækin almennt ekki reiðubúin til að greiða hærra verð er verðlagsstofuverð fyrir landaðan fisk, ef þau eru þá annað borð viljug til að taka við mótframlagsafla. Slíkt verð er um þessar mundir miklu lægra en markaðsverð. Spurning er því hvort sé ekki um mismunun að ræða milli staða þar sem fiskvinnsla er á staðnum og hinna sem ekki búa við það.

Dæmi

Ef dæmi er tekið af byggðarlagi sem fengið hefur vilyrði fyrir 150 ÞÍG tonna úthlutun á byggðakvóta þurfa skipin sem fá úthlutað þessum heimildum að veiða alls 300 ÞÍG tonn í mótframlag. Ef hér væri um þorsk að ræða hefur meðalverð í febrúar 2025 á markaði verið um 550 kr/kg meðan verðlagsstofuverð hefur verið á sama tíma verið um 400 kr/kg. Alls munar því um 150 kr/kg. á þessum verðum. Verðmætamunur á þessu 300 tonna byggðakvóta-mótframlagi væri a.m.k. 45 milljónir króna eftir því hvort hann væri seldur á markaði eða seldur á verðlagsstofuverði. Það munar um minna þegar um rekstur smærri báta er að ræða.

Lokaorð

Ljóst er af þessum tölum að lítill sem enginn ávinningur getur orðið af því fyrir smærri útgerðir að sækja um og fá úthlutað byggðakvóta á þeim forsendum að vinnsla staðarins kaupi hann á verðlagsstofuverði. Þá er ljóst að með vinnslu á staðnum, þar sem fiskur er keyptur á verðlagsstofuverði, má líta svo á að viðkomandi sveitarstjórn (sem fær úthlutun byggðakvótans) sé að niðurgreiða þetta aflamagn til viðkomandi fiskvinnslufyrirtækis um þessa upphæð. Spurning er hvort það samræmist eðlilegum viðskiptaháttum með fisk og hvort það er hlutverk stjórnvalda (ráðuneyti, Fiskistofa) að stuðla að slíku.

Það er utan þessa minnisblaðs að leggja mat á það hvort kemur sér betur fyrir viðkomandi sveitarfélag að vinnsla mótframlagsins fari fram á staðnum eða að 45 m.kr. komi aukalega inn í samfélagið með veiðum og löndun á þessum kvóta á markað án vinnslu á staðnum. En ýmislegt bendir til þess að hið síðarnefnda hafi jákvæðari áhrif, bæði efnahagsleg og samfélagsleg á byggðarlagið.

10. mars 2025

Magnús Jónsson formaður Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar

Sent til atvinnuvegaráðuneytis og Fiskistofu